

Morgunblaðið, 05.03.2026, síðu 24.
grein stærð: 755.32 sm2
grein hæð: 29.13 sm

Dómur með margræðum myndum

● Innsetning í kúlu Ásmundarsafns ● Samastaður listamannsins er á sýningarstað ● Tilgangur lífsins að takmarka skaðann af sér sjálfum ● Tifar tímans hjól ● Breyta á heiminum til góðs

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Veröld fæðist í innsetningu sem Finnur Arnar Arnarson myndlistarmaður hefur skapað og er í kúlunni á húsakynnum Ásmundarsafns við Sigtún í Reykjavík. Verkið ber yfirskriftina Dómur og er myndir sem málaðar hafa verið í lofti kúpulsins sem setur svo sterkan svip á bygginguna. Sýningin á verkinu verður opnuð nk. laugardag kl. 15.

Segja má að upphafspunktur listaverksins sé mynd af ófæddu barni með sitt DNA-mengi. Sú mynd er fyrir miðju í listaverkinu, sem þaðan rekur sig svo áfram niður veggi hvelfingarinnar og niður í gólf. Þar neðarlega eru skrifuð í langri runu orðin „Tikk-takk“ sem er áminning um að endalaust tifar tímans hjól.

Dagleg rútína í tjaldi á marmaragólfi

Hluti af sköpun innsetningarinnar er sá að síðustu sjö vikur hefur Finnur Arnar átt samastað sinn í Ásmundarsafni. Á pallettum í sýningarsal sló hann upp tjaldi hvar hann hefur sofið um nætur, mallað sér þar mat og er á staðnum með tölvuna sína, plötuspilara og fleira þarflegt. Þetta er heimur listamanns sem í áratugi hefur starfað við myndagerð, svo sem sviðsetningar leikverka, safna og margs annars.

„Þó að það að búa í tjaldi á marmaragólfi sé ekki neitt huggulegt fór lífið hér fljótt að falla í rútínu,“ segir Finnur Arnar. „Ég tek langa vinnudaga; byrja á miklum fyrirætlunum um hvað gera skuli og sé síðan að kvöldi að markmiðin voru óraunhæf. Ég náði alls ekki öllu því sem ætlunin var. Fer svo aftur af stað næsta dag og sagan endurtekur sig. En þetta er í lagi; með þessu verða afköstin góð og þegar ég leggst að kvöldi til hvílu í svefnpokanum í tjaldinu get ég stundum varla sofnað, svo mjög hlakka ég til verkefna næsta dags.“

Fylgja boðskapnum ella hlytist verra af

Innsetningin í Ásmundarsafni segir Finnur að sé af sinni hálfu ein stór tilvistarspurning.

„Ég hef áður leikið mér með þá setningu og orð að tilgangur lífsins sé að lágmarka skaðann af sjálfum sér. Í þessu felst að maður eigi kannski að láta lítið fyrir sér fara í lífinu. Og varðandi titil sýningarinnar – Dómur – þá er það að vera listamaður dómur sem ég þarf að lúta í lífinu. Hluti af þeim dómi er að fá þá skrýtnu hugmynd að búa í tjaldi á verkstað sínum í tvo mánuði. Þetta lít ég samt bara á sem hvert annað úthald; rétt eins og togarakarlar fóru hér í eina tíð í Smugutúra. Lífið er þrjóskukast,“ segir Finnur Arnar sem unir glaður við dóminn og kúnstverk sitt. Hann heldur frásögn sinni áfram:

„Við þekkjum að í kirkjum forðum, til dæmis Sixtínsku kapellunni í Róm, voru fyrir ólæsan lýðinn málaðar myndir með margvíslegum boðskap sem fylgja skyldi ella hlytist verra af. Felldur yrði dómur yfir þeim sem góðu boðorðin brytu; fólk drepið með því að vera grýtt eða brennt á báli. Heldur hefur þetta nú mildast í seinni tíð, að minnsta kosti í nærumhverfi okkar á Vesturlöndum, en grimmdin er víða eins og klerkastjórnin í Íran er þekkt fyrir. Auðvitað er alltaf sjálfsagt að reyna að breyta heiminum til góðs en stríð er ekki launsin í Íran. Sú aðferðafræði sem þar er rekin nú með innrás Bandaríkjamanna er röng, stríðið verður rangt og of flókið og gæti þess vegna skilað sér með hryðjuverkaárásum í neðanjarðarlestum Parísar.“

Myndmálið í Dómi er fjölbreytt og margrætt. Þarna er manneskjan í öllum sínum fjölbreytileika og svo bregður fyrir epli; sem táknar freistinguna, samanber söguna úr aldingarði þeirra Adams og Evu.

Freistinganna er dásamlegt að njóta

„Freistinga er dásamlegt að njóta ef þær bitna ekki á öðrum. Ef rangt er valið í lífinu geta orðið sár í sálum fórnarlamba. Sárin geta fylgt heilu kynslóðunum og þau sem valda geta dregið lærdóm af og gert betur í umgengni. Þetta getur verið illska, hugsunarleysi, vanþekking og óhamingja, jafnvel hjá einstaklingum sem eru sjálfir að glíma við áföll sem smita út frá sér. Af því verður til karllægur dómur; ég er raunar á því karldýrið beri mesta ábyrgð á ástandi heimsins. Því ætti fólk að velta fyrir sér og líka því að allt í lífinu er hægt að gera betur og öðruvísi og takmarka með því skaðann af sjálfum sér,“ segir Finnur um innsetningu sína sem verður í Ásmundarsal næstu tvær vikurnar. Eftir það tekur listamaðurinn saman tjald sitt og aðrar föggur en myndverkið í kúlunni verður uppi fram á haust.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Heimkynni Síðustu sjö vikur hefur Finnur Arnar dvalist daga og nætur í Ásmundarsafni og heimili hans hefur verið í tjaldinu sem er í bakgrunni. „Þegar ég leggst að kvöldi til hvílu í svefnpokanum í tjaldinu get ég stundum varla sofnað, svo mjög hlakka ég til verkefna næsta dags,“ segir FInnur.



Hugsandi „Ef rangt er valið í lífinu geta orðið sár í sálum fórnarlamba. Sárin geta fylgt heilu kynslóðunum og þau sem valda geta dregið lærdóm af,“ segir listamaðurinn um verkefni sitt og veröldina á líðandi stundu.